

**85** Staðfesting konungs á viðauka við skipulagsskrá 7. nóv. 1874 fyrir styrktarsjóð  
8. júlí. Christians konungs hins níunda.

VJER CHRISTIAN HINN NÍUNDI o. s. frv.

G j ö r u m k u n n u g t: að með því að ráðgjafi Vor fyrir Ísland hefur allraþegnsamlegast lagt fyrir Oss til staðfestingar viðauka við skipulagsskrá þá, er staðfest var með allrahæstum úrskurði Vorum 7. nóvbr. 1874, fyrir sjóð þann, er Vjer með allrahæstu brjefi 10. ágúst s. á. gáfum í minningu þúsund ára hátíðar Íslands, en viðauki þessi hljóðar svo sem nú skal greina:

#### Viðauki

við skipulagsskrá þá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins Níunda í minningu þúsund ára hátíðar Íslands, er staðfest var með allrahæstum úrskurði 7. nóvember 1874.

Í stað 1.—3. kafla 2. greinar í skipulagsskránni skal svo skipað fyrir sem hjer segir:

Stofnfje sjóðsins er 8000 krónur, og skal gjöra þær arðberandi með því að kaupa fyrir þær innritunarskýrteini í innritunarbók fjármálaráðgjafans með 3½% ársvöxtum.

Vöxtunum af nefndu fje skal á ári hverju skipt í 2 heiðursgjafir, og skulu þær eptir því, sem landshöfðingi nákvæmar ákveður, vera að stærð annaðhvort 140 kr. hvor eða 180 kr. önnur þeirra en hin 100 kr.

Nú er eitthvert ár enginn álitinn verður nefndra heiðursgjafa, og skal þá leggja upphæð gjafar þeirrar eða gjafa, er eigi hefur verið veitt, við stofnfjed og gjöra hana arðberandi á sama hátt og það. Þá er stofnfjed fyrir slíkar viðbætur og vöxtu þá, er sparast á ári hverju, er orðið 10000 krónur, skal hvor hinna árlegu heiðursgjafa nema 175 krónum.

— þá viljum Vjer allramildilegast staðfesta eins og Vjer hjermeð staðfestum framanritaðan viðauka í öllum orðum hans og greinum eins og hann er hjer tilfærður.

Vjer fyrirbjóðum öllum og sjerhverjum að tálma í nokkru því, er að framan er ritað.

**86** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útborgun úr aðalfjehirzlunni á launum íslenzkra embættismanna. — Með póstskipi því, er síðast kom hingað frá Íslandi barst ráðgjafanum erindi með árituðu vottorði landsfógeta, þar sem adjunkt Björn M. Olsen í umboði Þorvaldar hjeradslæknis Jónssonar á Ísafirði fer þess á leit að embættislaun hjeradslæknis þessa fyrir júlí—septembermánuði þ. á. verði greidd úr aðalfjehirzlunni íslenzkum kaupmanni einum hjer í borginni.

Út af þessu er hjer með þjónustusamlega skorað á yður, herra landshöfðingi, að tilkynna það þeim, sem hlut á að máli, að ráðgjafinn sjái sjer ekki fært að hlutast til um það, að laun eða eptirlaun verði útborguð við aðalfjehirzluna nema því að eins að áður sjeu sýnd í stjórnnarráðinu annað hvort vottorð um, að hlutaðeigandi embættismaður sje á lífi eða önnur þau skilríki, er sýni það og sanni, að fyrir hendi sjeu skilyrðin fyrir því, að útborgun á launum eða eptirlaunum fyrir þann og þann mánuð geti átt sjer stað eptir þeim reglum, sem um slíkar útborganir gilda.